

Nefndasvið Alþingis  
Atvinnuveganefnd  
b/t. Benedikts S. Benediktssonar  
nefndarritari  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík



Reykjavík, 15. maí 2012.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 87/1992 um gjaldeyrismál (731. mál).

*Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp, sem er liður í afnámi gjaldeyrishafta.*

Ljóst má vera að gjaldeyrishöftin skerða almennt viðskiptafrelsi og valda heimilum, atvinnulífi og hagkerfi búsisfjum. Með þeim er m.a. dregið úr fýsileika Íslands sem fjárfestingarkosts, fjármálafyrirtækjum gert erfitt fyrir að þjónusta innlend fyrirtæki í alþjóðlegri starfsemi, virkni hlutabréfamarkaðar takmarkað og hvatar skapaðir fyrir innlend fyrirtæki að vaxa fremur erlendis<sup>1</sup>. Því er afar mikilvægt að afnámi þeirra sé hraðað eftir fremsta megni. Fjölmargir aðilar hafa lagt fram tillögur í þeim efnunum sem mikilvægt er að hljóti nánari skoðun, m.a. af hálfu nefndarinnar.<sup>2</sup>

Frumvarp það sem hér er til umsagnar kemur að einhverju leyti til móts við ofangreind sjónarmið, þó því miður einungis að litlum hluta. Meðal umbóta er aukið svigrúm til fjárfestinga, en það að ekki standi til að heimila beina erlenda fjárfesting veldur verulegum vonbrigðum. Það kemur fram í greinargerð með frumvarpinu að undanþágur fyrir tiltekin fyrirtæki hafi verið veittar tiltölulega greiðlega. Engu að síður eru mörg fyrirtæki sem hafa allt aðra sögu að segja. Því hefði verið nauðsynlegt að frumvarpinu hefði fylgt tölfraði um afgreiðslu undanþága, sérstaklega þar sem frumvarpið byggir fyrst og fremst á reynslunni þar að baki síðustu 3 ár – sem Seðlabankinn hefur einn heildaryfirsýn yfir. Eins og kom fram í nýlegri skýrslu ráðsins þá hlaut eingöngu tæplega helmingur umsókna um undanþágur samþykki Seðlabankans árin 2009 og 2010, en 18% af ríflega 1.100 umsóknum var hafnað í heild eða að hluta, 15% hlutu frekari leiðbeiningu eða voru afturkallaðar og 11% voru enn óafgreiddar næstu áramót á eftir. Af þessu má sjá að töluvert misvægi er á metinni þörf fyrirtækjanna sjálfra fyrir undanþágur og þeirra umsókna sem hljóta greiðlega afgreiðslu.

Viðskiptaráð gerir einkum eina athugasemd við frumvarpið er snýr að 11. gr. þess. Með því ákvæði er Seðlabankanum veitt ótakmörkuð heimild til upplýsingaöflunar um málefni einstaklinga og lögaðila. Samkvæmt 14. gr. gildandi laga er heimildin takmörkuð við upplýsingar er lúta að gjaldeyrisviðskiptum. Með þessari breytingu er, skv. greinargerð frumvarpsins, verið að færa heimildir Seðlabankans til upplýsingaöflunar til samræmis við þær er gilda um rannsóknir án þess að þörfin þar að baki sé nokkuð rökstudd í frumvarpinu né heldur skýrt sé kveðið á um hvernig beita eigi umræddri heimild eða hvernig notkun hennar verður takmörkuð. Eins og bent hefur verið á í umsögn Kauphallarinnar verða ákvarðanir Seðlabankans um beitingu heimildarinnar ekki bornar undir dómara og því með öllu óljóst hvernig vörður verður staðinn um stjórnarskrárvorinn rétt einstaklinga til friðhelgi einkalífs og almennt réttaröryggi.

**Viðskiptaráð leggur til að frumvarpið nái ekki óbreytt fram að ganga.**

Virðingarfyllst,

*Haraldur I. Birgisson*

Haraldur I. Birgisson  
Aðstoðarframkvæmdastjóri  
Viðskiptaráð Íslands

<sup>1</sup> Sjá nánar: Viðskiptaráð Íslands, [Gjaldeyrishöftin: kostnaður og efnahagsleg áhrif](#), desember 2011.

<sup>2</sup> Sjá m.a.: [Afnám á einu ári – áætlun um afléttingu gjaldeyrishafta](#) og [áætlun Samtaka atvinnulífsins](#).